

Alþingi  
Erindi nr. P 127/853  
komudagur 25. 2. 2002

**Minnisblað til sjávarútvegsnefndar Alþingis tekið saman í framhaldi fundar þriðjudaginn 19. febrúar 2002.**

**Efni: Áhrif laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, lög nr. 34/1991 með síðari breytingum, og um stöðu fiskeldis í Færeyjum.**

**333. mál, eldi nýttjastofna sjávar.**

Í ljósi þess að fiskeldi; klak, seiðaeldi og matfiskeldi, er óháð nytjum á veiðistofnum sjávar eiga ákvæði laga nr. 34/1991 sem takmarka heimild erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnugreininni ekki við.

Fiskeldi í Færeyjum er fyrst og fremst eldi á laxi sem að mestu er byggt á norskri þekkingu enda eru norsk fyrirtæki stórir eigendur þess laxeldis sem fram fer við eyjarnar. Framleiðslan við Færeyjar er um 60 þúsund tonn, til samanburðar má geta þess að Norðmenn framleiða heima fyrir um 400 þúsund tonn af laxi sem er hátt í helmingur heimsframleiðslunnar.

Önnur þau atriði sem um var spurt á téðum fundi eiga að liggja ljós fyrir en undirritaður er vitaskuld reiðubúinn að svara frekar til um málið eftir því sem nefndin óskar.

Kristinn Hugason, sjávarútvegsráðuneytinu.